



Siðareglur kjörinna fulltrúa í Dalvíkurbyggð

1. Markmið þessara reglna er að skilgreina það háttarni og viðmót sem kjörnum fulltrúum ber að sýna við störf sín á vegum Dalvíkurbyggðar. Með kjörnum fulltrúum er átt við sveitarstjórnarfulltrúa og aðra þá sem kjörnir eru til setu í nefndum og ráðum hjá Dalvíkurbyggð.
2. Kjörnir fulltrúar skulu í störfum sínum fylgja lögum, reglum og samþykktum Dalvíkurbyggðar, sem og sannfæringu sinni. Þeim ber að gæta almannahagsmuna og hagsmuna sveitarfélagsins og hafa í heiðri grundvallaratriði góðrar stjórnslu og að við ákvarðanatöku ráði málefnaleg og lögmæt sjónarmið.
3. Kjörnum fulltrúum ber að gegna störfum sínum af alúð og samviskusemi, fyrir opnum tjöldum og vera reiðubúnir að axla ábyrgð á ákvörðunum sínum og rökstyðja þær. Kjörnir fulltrúar upplýsa eins og kostur er íbúa Dalvíkurbyggðar um störf sín og annað sem skiptir máli í rekstri sveitarfélagsins.
4. Kjörnir fulltrúar gæta þess að fara ekki út fyrir umboð sitt í störfum sínum og virða verkaskiptingu í stjórnkerfi Dalvíkurbyggðar. Kjörnir fulltrúar sýna störfum og réttindum annarra kjörinna fulltrúa og starfsmanna Dalvíkurbyggðar virðingu. Þeir koma fram af háttvísi og sýna hver öðrum, íbúum, viðskiptavinum og starfsmönnum sveitarfélagsins fulla virðingu í ræðu, riti og framkomu. Kjörnum fulltrúum ber að gæta þess að framkoma þeirra og athafnir samrýmist því hlutverki sem þeir gegna.
5. Kjörnum fulltrúum ber að virða fjárhagsáætlun og grundvallarreglur um fjármálastjórn sem tryggja réttmæta og ábyrga meðferð á almannafé.
6. Kjörnir fulltrúar gæta þagmælsku og trúnaðar um málefni sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og gæta þess trúnaðar um. Trúnaðarskylda helst þótt látið sé af starfi. Kjörnum fulltrúum ber jafnframt að virða trúnað um ummæli einstakra fundarmanna á lokuðum fundum í nefndum og ráðum Dalvíkurbyggðar.
7. Kjörnir fulltrúar nýta sér ekki stöðu sína né óopinberar upplýsingar í þágu einkahagsmuna sinna, eða annarra sem þeim eru tengdir, hvort sem ávinningur af slíku kemur fram strax eða síðar, þ.m.t. eftir að störfum fyrir Dalvíkurbyggð lýkur. Kjörnir fulltrúar forðast hagsmunaárekstra í störfum síðnum. Um hæfi þeirra við meðferð einstakra mála fer eftir 20 .gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.



8. Kjörnir fulltrúar þiggja ekki gjafir frá íbúum og viðskiptavinum Dalvíkurbyggðar, eða þeim sem leita eftir verkefnum eða þjónustu sveitarfélagsins, þannig að túlka megi sem persónulega þóknun fyrir ákvarðanir á vegum sveitarstjórnar eða nefnda/ráða.

9. Siðareglur þessar skulu teknar til umræðu í sveitarstjórn í upphafi hvers kjörtímabils og endurskoðaðar ef þörf þykir. Þær skulu síðan kynntar kjörnum fulltrúum í nefndum og ráðum.

10. Skrifstofur Dalvíkurbyggðar kynna siðareglurnar fyrir starfsmönnum og íbúum Dalvíkurbyggðar. Komi upp álitaefni um brot á reglum þessum skal þeim vísað til siðanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Samþykkt við síðari umræðu á 874. fundi byggðaráðs Dalvíkurbyggðar þann 23. ágúst 2018.